



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2026

**DANS3KF05**

**Kvikmyndir og ferðalag**

Kennari/kennarar:	<b>Ída Løn (IL)</b>	<b>idalon@fsu.is</b>
-------------------	---------------------	----------------------

### **Áfangalýsing:**

Í áfanganum er unnið að skipulagi ferðar til Kaupmannahafnar sem farin verður á önninni, stór hluti áfangans er helgaður skipulagi ferðarinnar. Nemendur bera ábyrgð á öllu skipulagi ferðarinnar t.d. fjármögnun og dagskrá á meðan á ferðinni stendur. Nemendur vinna verkefni á dönsku í ferðinni sem þeir klára að ferð lokinni.

Lesin verður ein dönsk skáldsaga sem nemendur velja af kjörbókalista, nemendur taka munnleg próf á dönsku þar sem rætt er ýtarlega um söguna.

Áhersla verður lögð á hagnýtt samskipti á markmálinu, ekki síst munnlega þáttinn, að efla sjálfsöryggi og sjálfstæði í vinnubrögðum og einnig að vinnubrögð séu vönduð.

Nemendur vinna með danskar kvikmyndir. Áhersla er lögð á upplifun hvers og eins og á að þjálfa gagnrýna, sjálfstæða og skapandi hugsun. Kennslufyrirkomulagið Hugsandi skólastofa verður notað í tengslum við kvikmyndaúrvinnslu og tjáningu í tali og riti í forgrunni.

Í áfanganum er almennt lögð áhersla á vönduð vinnubrögð og að styrkja sjálfsöryggi nemandans og hæfni hans til að tjá hugsanir, færa rök fyrir skoðunum, hlusta á aðra, draga ályktanir og komast að niðurstöðum.

**Tal:** Nemendur þjálfast í að tala af öryggi um námsefni áfangans, greina og ræða kvikmyndir, skáldsögu og ferðatengd málefni, svara fyrirspurnum, tjá hugsanir og skoðanir og færa rök fyrir þeim.

**Hlustun:** Nemendur vinna með hlustunarverkefni í tengingu við talið í dönskum kvikmyndum, einnig þjálfast nemendur í að hlusta á dönskuna sem töluð er í Kaupmannahöfn.

**Ritun:** Nemendur geti tjáð sig skriflega með skýrum texta í viðeigandi ritstíl hvort heldur sem er um að ræða skapandi skrif eða stýrð verkefni eins og t.d. í dagbókatekstum og frásögnum.

**Orðaforði:** Nemendur tileinka sér sérhæfðan orðaforða tengdan kvikmyndum, bókmenntagreiningu og ferðalögum.

**Lestur:** Nemendur lesa eina skáldsögu á dönsku og lesa einnig sérhæfða texta sem tengjast ferðalögum, kvikmyndagerð og menningu Danmerkur.

**Undanfari: DANS2ME05**

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Viðeigandi ritstíl í dönsku ritmáli,
- danskri kvikmyndagerð,
- greining á danskri skáldsögu,

- flóknum rauntextum,
- upplýsingasöfnun um ferðalag til Danmörku,
- fjölbreyttum orðaforða sem tengist námsefninu.

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Tjá sig munnlega af öryggi og ábyrgð í samtali á dönsku um kvikmyndir, skáldsögu og ferðatengd málefni,
- geta tjáð sig án mikillar umhugsunar um málefni sem búið er að vinna með,
- skilja flókinn málflutning og nákvæmar lýsingar,
- nýta málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni,
- tjá sig skriflega á gagnrýnan og skýran hátt og valið ritstíl sem hentar hverju sinni,
- vinna með og virða ólík sjónarmið hópsins,
- vinna sjálfstætt að verkefnum og sýna frumkvæði í vinnubrögðum,
- ferðast með hópnum til Kaupmannahafnar á ábyrgan hátt.

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta nýtt þá þekkingu & leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Meta eigið vinnuframlag og annarra,
- skilja flókið efni sem unnið er með í kvikmyndum og skáldsögu,
- setja fram hugmyndir sínar og skoðanir af nákvæmni,
- taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu og tjá afstöðu sína á siðferðislegan hátt,
- lesa á milli línanna í kvikmyndum og átta sig á dýpri merkingu,
- greina skáldsögu munnlega á dönsku,
- nota tungumálið á sveigjanlegan og áhrifaríkan hátt í fjölbreyttum tilgangi,
- virða skoðanir annara, færa rök fyrir máli sínu og draga ábyrga ályktanir.

**Námsefni og námsgögn:**

- Kjörbók og kvikmyndir af bókasafni skólans,
- stílabók (kvikmyndatengd efni, dagbókaskrif, samantekt v. ferðalags),
- tölvu og eða síma.

**Sérreglur áfangans:**

Símat með áherslu á munnleg verkefnaskil, það er 100% verkefnaskil í áfanganum, gerð er krafa um virku samtali á milli kennarans og nemandans um framvindu náms og almenn líðan. Í tengslum við ritun og ritstuld gildir það að nota má þrjú orð í samhengi upp úr efni sem kemur annar staðar frá.

**Reglur um svindl og notkun gervigreindar:**

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi:

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans:

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1 - 4	6. - 30. janúar	<p><b>Kennsla hefst fim. 8. janúar.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kvikmyndir og hugsandi skólastofa</li> <li>- Ferðalagið til Kaupmannahafnar</li> <li>- Veljum kjörbók af bókasafni, gerum eitt skriflegt verkefni og byrjum að lesa</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Munnlegt verkefni (1): Kvikmynd</li> <li>- Ýmiskonar ferðatengd verkefni</li> <li>- Kjörbók, skr. verkefni (1): Intro</li> </ul>
5 - 8	2. - 27. febrúar	<p><b>Miðannarmat lokaskil 20. feb. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27. feb.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kvikmyndir og hugsandi skólastofa</li> <li>- Ferðalagið til Kaupmannahafnar</li> <li>- Kjörbókin: Lestur og munnlegt próf</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Munnlegt verkefni (2): Kvikmynd</li> <li>- Ýmiskonar ferðatengd verkefni</li> <li>- Munnlegt verkefni (3): Kjörbók (25% af bók)</li> </ul>
9 - 12	1. 27. mars.	<p><b>Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18.-20. mars.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kvikmyndir og hugsandi skólastofa</li> <li>- Ferðalagið til Kaupmannahafnar</li> <li>- Kjörbókin: Lestur og munnleg verkefni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Ýmiskonar ferðatengd verkefni</li> <li>- Munnlegt verkefni (4): Kjörbók (25% af bók)</li> <li>- Munnlegt verkefni (5): Kjörbók (50% af bók)</li> </ul>
13 - 16	7. - 30. apríl	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Kvikmyndir og hugsandi skólastofa</li> <li>- Ferðalagið til Kaupmannahafnar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Ýmiskonar ferðatengd verkefni</li> <li>- Kvikmyndatengd verkefni</li> </ul>
17 - 19	4.- 24. maí	<p><b>Dimissjón 8. maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Násmatsdagur 15. - 19. maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Frágangur: Síðustu verkefni annarinnar kláruð</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Frágangur: Síðustu verkefni annarinnar kláruð</li> </ul>

## Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Ferðalag (1)	Undirbúningsverkefni – dagskrá, flug, gistingu, skólaheimsókn, kynningar, samtöl, leit á veraldarvefnum.	10%
Ferðalag (2)	Raunverkefni meðan á ferðalagi stendur – ábyrgð, áhugi, samspil, hjálpssemi, samskipti, myndatökur, notkun á Rejseplanen og önnur öpp, notkun á samgöngum.	10%
Ferðalag (3)	Verkefni unnin að ferð lokinni – glærुकynningu (hópaverkefni) og munnlegt verkefni (einstaklingsverkefni).	10%
Kjörbók af bókasafni	3 munnleg verkefni, einstaklings- og paraverkefni. Skrifleg verkefni: Intró og dagbók.	30%
Kvikmyndir – sýndar í tímum	Munnleg verkefni – í anda hugsandi skólastofu. Dagbók og önnur lítil skrifleg verkefni.	30%
Litið til baka – önnin í heild sinni	Mætingu, áhugi og þátttaka. Einkunn sem er gefin undir lok annar.	10%

### Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar eru við lok hverrar annar, en hvað er það eiginlega? Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- Tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- Útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- Ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- Tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar,**

*Selfoss, janúar 2026, Ida Løn*